

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 30. júlí 2024
Málsnúmer: 202407-0055
SS

Efni: Umsögn um framkvæmdaleyfi fyrir borholum innan landslagsverndarsvæðisins í Þjórsárdal.

Vísað er í tölvubréf frá Umhverfisstofnun dags. 29 júlí 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um fyrirhugaða framkvæmd Rauðukamba ehf. á þremur borholum til viðbótar þeim sem þegar hafa verið boraðar í tengslum við uppbyggingu við Fjallaböð innan landslagsverndarsvæðisins í Þjórsárdal. Framkvæmdaraðili hefur einnig óskað eftir leyfi til að ljúka við frágang við borholur sem boraðar voru 2022.

Stefnt er að því að bora tvær vatnstökuholur, eina fyrir kalt vatn og eina fyrir heitt vatn, og eina niðurdælingarholu. Staðsetning fyrir niðurdælingarholu hefur ekki verið endanlega ákveðin en fjórar staðsetningar eru til skoðunar. Vegna sumarleyfa og afar stutts umsagnartíma hefur Náttúrufræðistofnun ekki náð að kynna sér til hlítar öll gögn sem stofnuninni hafa borist þ.m.t. varðandi möguleg áhrif vatnsnýtingar á grunnvatnshlot og mun á þessu stigi því ekki koma með ábendingar varðandi þann þátt aðra en þá að nauðsynlegt sé að vakta vandlega áhrif vatnstöku og niðurdælingar á ástand vatnshlotsins og að grípa þurfi til aðgerða ef vísbendingar eru um hnignun þess.

Náttúrufræðistofnun gerir eina athugasemd er varðar áformaða borholu SL-06 sem er borhola fyrir kalt vatn. Sú borhola er staðsett á gervigígasvæði sem Náttúrufræðistofnun hefur áður bent á í umsögnum er tengjast framkvæmd við Fjallaböðin, að forðast eigi að raska vegna verndargildis. Best væri ef engar borholur verði staðsettar innan gervigígasvæðisins.

Tvær borholur eru nú þegar innan gervigígasvæðis miðað við skýringarmynd sem fylgir umsókninni, en hversu mikið rask hefur orðið vegna þeirra er erfitt að meta út frá loftmyndum. Ekki er fjallað um þetta í umsókn um framkvæmdaleyfi. Náttúrufræðistofnun óskaði eftir og fékk upplýsingar frá framkvæmdaaðila um rask vegna borhola sem fyrir eru. Miðað við þær upplýsingar er ljóst að rask hefur verið mjög lítið og ásýndaráhrif sömuleiðis mjög takmörkuð. Það er jákvætt og afar brýnt að áfram verði tryggt að svo sé varðandi frekari frágang og notkun á borholum SL-02 og SL-04 og framkvæmd við nýja borholu SL-06. Að því sögðu telur Náttúrufræðistofnun að forðast ætti eins og hægt er að staðsetja borholur innan gervigígasvæðisins því þótt vel hafi gengið hingað til er alltaf hætt á að rask verði við frekari framkvæmdir og aukna umferð um svæðið.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

